17
29. marz

# LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* **Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Bætur fyrir eignarnám jarðanna skulu metnar af gerðardómi 3 manna. Skulu 2 gerðardómsmanna skipaðir af sýslumanni Ísafjarðarsýslu, en hinn þriðji skal vera landnámsstjóri ríkisins. Að öðru leyti skal fara eftir l. nr. 61/1917, eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. marz 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

18
6. apríl

# AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda og mun verða fjarverandi nokkrar vikur.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 6. apríl 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Birgir Thorlacius.*



19
5. apríl

# LÖG

**um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara sunnudaginn 24. júní 1956, skal eigi hefjast fyrr en þriðjudaginn 29. maí 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

20
13. apríl

# LÖG

**um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, skipar þriggja manna nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Jafnframt skal skipa varamenn.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Með samþykki ráðherra getur útflutningsnefnd sjávarafurða ráðið sér fulltrúa til þess að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Útflutningsnefnd sjávarafurða skal hafa með höndum eftirgreind störf:

1. Vera ráðherra til ráðuneytis um sölu og útflutning sjávarafurða.
2. Veita útflutningsleyfi fyrir sjávarafurðum.

Engar sjávarafurðir má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda nema að fengnu leyfi nefndarinnar. Útflutningsleyfi getur nefndin bundið skilyrðum, er nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis milli sömu vörutegunda sömu gæða og að hver fiskeigandi skuli bera fjárhagsábyrgð á vöru sinni vegna galla.



Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.